

Umhverfisstofnun  
Rakel Kristjánsdóttir  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Reykjavík, 9. júlí 2018  
Tilvísun: 201807014 / 5.0

---

## Efni: Kjúklingabúið Jarlsstöðum. Starfsleyfi

---

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar dags. 4. júlí 2018. Í erindinu kemur fram að Reykjagarður hefur sótt um starfsleyfi fyrir 60.000 stæði í tveimur eldihúsum samtals 4.300 m<sup>2</sup> að flatarmáli.

Skipulagsstofnun bendir á að tilkynnt var um starfsemina til stofnunarinnar vorið 2017. Skipulagsstofnun tók ákvörðun um matsskyldu þann 16. maí 2017. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að starfsemin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og þyrfti því ekki að gangast undir mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun hefur kynnt sér framlögð gögn Umhverfisstofnunar um áhrif hugsanlegrar mengunar alifuglabús að Jarlsstöðum á umhverfið. Skipulagsstofnun hefur borið helstu kennistærðir í gögnum framkvæmdaraðila við upplýsingar í umsagnarbeiðni Umhverfisstofnunar. Upplýsingar um umfang og áhrif starfseminnar eru samhljóða.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við greinargerð Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst,



Sigurður Ásbjörnsson